

---

## Efnistaka úr Litla Sandfelli í Þrengslum, Sveitarfélaginu Ölfusi Álit um matsáætlun

---

### 1 Inngangur

Þann 25. janúar 2022 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Eden Mining vegna efnistöku úr Litla Sandfelli í Þrengslum samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 2.01 og 13.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

### 2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Litla Sandfell. Efnistaka úr Litla Sandfelli. Matsáætlun. Eden Mining og Efla, 19.janúar 2022.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá Sveitarfélaginu Ölfusi 2. mars 2022, Arnari Bjarka Árnasyni 3. mars 2022, Erni Þorvaldssyni 3. mars 2022, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 3. mars 2022, Landvernd 25. febrúar 2022, Minjastofnun Íslands 16. febrúar 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 3. mars 2022, Vatnsveitu Hjallasóknar 24. febrúar 2022 og Vegagerðinni 18. maí 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 15. mars 2022.

### 3 Framkvæmd og umhverfisáhrif

Í matsáætlun Eden Mining eru kynnt áform um að vinna allt að 15 milljónir rúmmetra úr Litla Sandfelli sem er í Leitarhrauni í Þrengslum, Sveitarfélaginu Ölfusi. Efnið á bæði að nota í framkvæmdir á svæðinu og einnig flytja það út og nota sem íblöndunarefni í sement. Í sementsframleiðslu er ráðgert að nota efnið í stað flugösku og lækka með því kolefnisfótspor framleiðslunnar. Gert er ráð fyrir að vinna um 500 þúsund rúmmetra á ári úr Litla Sandfelli.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar Eden Mining.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

#### Valkostir

Í matsáætlun Eden Mining kemur fram að aðalvalkostur felist í því að vinna 15 milljón m<sup>3</sup> í heildina. Vinnslusvæðið sé allt fellið og að efnistöku lokinni verði það alveg horfið. Valkostur B felist í því að helminga efnistöku og vinna fellið eingöngu að vestanverðu til að fellið hverfi ekki alveg



og að ásýndin frá Þrengslavegi haldist að einhverju leyti óbreytt. Í þessum valkosti felist að vinna 8 milljón m<sup>3</sup> í heild.

Í umhverfismatskýrslu þarf að meta áhrif beggja kosta á alla umhverfisþætti.

### **Framkvæmd**

Í matsáætlun kemur fram að efnistaka fari þannig fram að efni er losað með ýtu. Síðan er efnið flokkað í tvo flokka eftir kornastærð. Fínna efnið verði keyrt jafnóðum til Þorlákshafnar, þar sem Hornsteinn ehf. hafi skuldbundið sig til að kaupa efnið af Eden Mining. En gert sé ráð fyrir um 5.000 m<sup>3</sup> geymslu yfir vetrarmánuðina af fínefni og allt að 10.000 m<sup>3</sup> af grófara efni. Ekki kemur fram hversu stórt svæði þurfi til að geyma efnið.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að gera í umhverfismatskýrslu grein fyrir öllu umfangi á framkvæmdastað, þar með talið efnislager bæði við Litla Sandfell og á athafnasvæði í Þorlákshöfn.

### **Efnisflutningar og umhverfisáhrif þeirra**

Í matsáætlun kemur fram að umferð samhliða efnistökkunni geti falið í sér áhrif á loftgæði, hljóðvist og umferðaröryggi en ekki er gert ráð fyrir að meta áhrif framkvæmdar á framangreinda þætti.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er hvatt til þess að fjallað verði um áhrif á loftgæði, hljóðvist og umferðaröryggi í umhverfismatinu.

Skipulagsstofnun tekur undir með Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og telur ekki ljóst hvert verði umfang flutninga og umhverfisáhrif þeirra. Því þurfi í umhverfismatskýrslu að meta áhrif efnisflutninga á umferðaröryggi, hljóðvist og loftgæði.

### **Kolefnisfótspor**

Í matsáætlun kemur fram að fyrirhugað sé að nota jarðefni úr Litla Sandfelli sem staðgengil fyrir sementsklinker og draga með því stórlega úr losun koldíoxíðs við sementsframleiðslu.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er bent á að skilja megi gögnin á þann hátt að notkun íslensku jarðefnanna muni ekki hafa í för með sér nokkra losun á gróðurhúsalofttegundum. Heilbrigðiseftirlitið telur að gera þurfi betri grein fyrir kolefnisfótspori fyrirhugaðrar efnisvinnslu. Ekki síst ávinningi við minna kolefnisfótspor sementsframleiðslu.

Í umsögnum Arnars Bjarka Árnasonar og Landverndar er hvatt til þess að gerð verði grein fyrir kolefnislosun vegna flutninga með efni og færð verði rök fyrir þeirri fullyrðingu að kolefnisspor muni minnka mikið vegna framkvæmdanna.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í umhverfismatskýrslu verði gerð grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda, þ.m.t. vegna flutninga til meginlands Evrópu og áhrif framkvæmdar á loftslag metin.

### **Landslag og ásýnd**

Í matsáætlun kemur fram að við efnistökkuna muni ásýnd fellsins óhjákvæmilega breytast og að lokum muni fjallið hverfa.

Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss er bent á að gera þurfi grein fyrir frágangi svæðisins í lok efnistöku sem og frágangi á þeim svæðum sem hafi verið unnin þó unnið sé annars staðar á svæðinu.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að gera ítarlega grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á landslag og ásýnd svæðis. Þar sem allt í kring eru staðir sem eru vinsælir til útivistar er brýnt að birta sýnileikakort þar sem unnt er að greina hvaðan framkvæmdir sjáist. Þá þarf að greina frá hvernig



gengið verði frá svæðinu að lokinni efnistöku. Jafnframt er brýnt að sýna á ljósmyndum frá stöðum í nágrenni efnistökusvæðisins hvernig ásjón þess kemur til með að breytast.

### Útivist

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að í nálægð við Litla Sandfell séu þrjú svæði á náttúruminjasrá sem jafnframt séu vinsæl útivistarsvæði. Það eru Eldborgir við Lambafell, Eldborg undir Meitlum og Raufarhólshellir.

Í umsögn Landverndar er bent á að efnistakan, umferð þungaflutninga og breytt ásjón munu hafa verulega neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist en vinsælar gönguleiðir séu á svæðinu í kring. Gera þurfi grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á ferðaþjónustu og útivist.

Skipulagsstofnun telur brýnt að leggja mat á áhrif framkvæmdanna á ferðaþjónustu og útivist. Gera þarf grein fyrir þeim framkvæmdaþáttum sem líklegastir eru til að hafa áhrif á útivist og ferðaþjónustu á svæðinu

### Vatnsvernd

Í matsáætlun kemur fram að efnistakan sé á fjarsvæði vatnsverndar. Innan vatnsverndarsvæðisins verði umferð og starfsemi vinnuvéla auk starfsmannaaðstöðu. Við hversdagslega starfsemi stafi grunnvatni engin ógn af efnistöku en verði mengunarslys get það haft áhrif. Fram kemur að umhverfismatinu sé ætlað að svara því hvaða áhrif fyrirhuguð efnistaka hafi á vatnsverndarsvæði.

Í umsögnum Vatnsveitu Hjallasóknar og Arnars Bjarka Árnasonar er lögð áhersla á að vatnsvernd verði tekin föstum tókum vegna áhrifa sem gætu orðið á vatnsbólið á 30 ára tímabili. Upplýsa þurfi hvaða áhættur séu til staðar og hvað verði gert til að fyrirbyggja að vatnsbólið mengist ekki.

Skipulagsstofnun telur brýnt að í umhverfismatsskýrslu verði gerð grein fyrir því hvaða þættir í starfseminni séu líklegast til að hafa neikvæð áhrif á grunnvatn og hvaða ráðstafanir verði viðhafðar til að koma í veg fyrir mengun þess.

## 4 Niðurstaða

Í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða matsáætlun Eden Mining ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim.

Við vinnslu og framsetningu umhverfismatsskýrslu þarf að:

1. **Kostir.** Meta áhrif aðalvalkosta og valkost B á alla umhverfisþætti.
2. **Athafnasvæði.** Gera grein fyrir athafnasvæði og starfsemi við efnistökuastað og lager í Þorlákshöfn.
3. **Flutningur efnis.** Gera grein fyrir flutningi efnis frá efnistökuastað til Þorlákshafnar. Jafnframt þarf að gera grein fyrir samlegð með öðrum flutningi jarðefna til Þorlákshafnar ef gert er ráð fyrir að flutningar verði að einhverju leyti um sömu vegi.
4. **Umhverfisáhrif flutninga.** Meta áhrif efnisflutninga á umferðaröryggi, hljóðvist og loftgæði.
5. **Kolefnisfótspor.** Gera grein fyrir magni losunar gróðurhúsalofttegunda, þ.m.t. vegna flutninga til meginlands Evrópu og meta áhrif framkvæmdar á loftslag.
6. **Landslag og ásjón.** Birta sýnileikakort sem greini hvaðan efnistaka í Litla Sandfelli sjáist. Birta ljósmyndapör sem sýna breytingar á ásjón svæðisins frá nálægum og fjölförnum stöðum.
7. **Ferðaþjónusta og útivist.** Meta þarf áhrif framkvæmdanna á ferðaþjónustu og útivist. Gera þarf sérstaklega grein fyrir því hvaða framkvæmdaþættir séu líklegir til að hafa áhrif á ferðaþjónustu og útivist.



- 
8. **Vatnsvernd.** Meta þarf hvaða þættir í starfseminni séu líklegastir til að hafa neikvæð áhrif á grunnvatn. Gera þarf grein fyrir ráðstöfunum sem verði viðhafðar til að koma í veg fyrir mengun þess.

Reykjavík, 21. mars 2022

Egill Þórarinsson

Sigurður Ásbjörnsson